

**Hvolsskóli**  
**Janúar 2007 – júní 2008**  
**Aðgerðaáætlun - þróunarráðs**

**Unnin verkefni frá janúar – maí 2007**

<b>Janúar 2007</b>	Kristín Björnsdóttir og Eiríksína Kr. Ásgrímsdóttir funduðu með skólastjórnendum og ákveðið var að stofnuð yrði þróunarstjórn og átak yrði gert í skráningu eineltis.
<b>Febrúar 2007</b>	7. febrúar eru lagðar fram tillögur um skipan í þróunarstjórn. Skólastjórnendur voru ósáttir við þær tillögur eins og fram kom í þremur símtölum þeirra við Eiríksínu. Tekið var mið af óskum þeirra við nánari útfærslu á skipan og kosningu í þróunarstjórn.
<b>Mars 2007</b>	6. mars fluttu Eiríksína Kr. Ásgrímsdóttir og Edda Kjartansdóttir klst. langan fyrirfyrirlestur um skráningu eineltis í Mentor og funduðu með skólastjórnendum og deildarstjóra um nánari útfærslu á vinnu þróunarstjórnar. Lögð fyrir eineltiskönnun í samvinnu við Þorlák Helgason. <b>Starfsfólk Hvolsskóla, nokkrir foreldrar og sveitarstjóri Rangárþings eystra – fóru í náms og kynnisferð til Minneapolis.</b>
<b>Apríl 2007</b>	24. apríl fóru Eiríksína og Ásdís Hrefna Haraldsdóttir á kynningu á námsferð Hvolsskóla. Hlýddu á fyrirlestra og voru viðstaddar kosningu í þróunarstjórn. Haldinn var tveggja tíma langur fundur með skólastjórnendum og deildarstjóra þar sem rædd voru m.a. verkefni næsta vetrar, framtíðarsýn Hvolsskóla og næstu skref varðandi þróunarstjórn.
<b>Maí 2007</b>	Á fundinum var lagt til að skólastjórnendur ásamt þróunarstjórn geri áætlun/yfirlit um verkefni sem unnið verður að í Hvolsskóla skólaárið 2007-2008 og skili til Eddu og Eiríksínu þegar það lægi fyrir.  Lagt er til að stjórnendur kynni hlutverk þróunarstjórnar á almennum starfsmannafundi í maí. Lagt er til að þróunarráð kynni á hverju stigi fyrir sig verklag og áætlun um hvernig vinna skal með þau verkefni sem sett hafa verið á oddinn í skólanum. Einnig þarf að gera grein fyrir almennu verksviði þróunarráðs og stöðu þess gagnvart öðru starfsfólki.  Samkvæmt samkomulagi á fundi 3. maí var ákveðið að þróunarráð Hvolsskóla hittist án fulltrúa frá SRR og var fundur haldinn 14.5. til að kortleggja starfið framundan og skrá inn á eyðublað þar sem færa átti inn helstu verkefni næsta vetrar. Eyðublaðið var afhent á fundinum 3.5.  Ákveðið var að þróunarráð hitti fulltrúa SRR, Eiríksínu og Eddu í maflok.
<b>Júní 2007</b>	Markmiðssetning Fundað með öllu starfsfólki, unnið í hópum. Verkefni að fara yfir starf vetrarins og leggja upp skref til áframhaldandi sóknar á næsta skólaári og til framtíðar á hverju stigi fyrir sig. Tveir vinnudagar fóru í þessa vinnu. Þróunarráð fundaði í júní og listaði upp verkefni og áherslur næsta vetrar.

<b>Júlí 2007</b>	Við stundaskárgerð í júní og júlí fyrir var lögð mikil vinna í að búa stundaskrána þannig úr garði að sem mest og best svigrúm gæfist til að sinna þeim verkefnum sem valin voru sem áhersluverkefni.
	<b>Það sem stefnt er að frá ágúst 2007 – júní 2008:</b>
<b>Ágúst 2007</b>	<i>Markmiðssetning</i>
	Fundur með Eiríksínu og Eddu. Undirbúningur að því að hvert stig í skólanum setur fram skýrt afmarkað hverju þeir vilja ná fram (vörður) og hvernig þeir ætla að ná því. Sjá meðfylgjandi eyðublað frá SRR. Fulltrúar í þróunarráði sjá um kynningu á þessu fyrirkomulagi. Og aðstoða þannig við framsetningu á greiningu á því þróunarstarfi sem unnið er að í Hvolsskóla veturinn 2007-2008.
<b>September 2007</b>	<i>Útfærsla.Kynning</i>
	Þróunarráð fylgir eftir að markmiðum hvers stigs sé sinnt. Fundar með sínu fólki og kemur upplýsingum um gang mála til stjórnenda. Kynning til foreldra á hverju stigi fyrir sig. <b>Kynning í skólanefnd.</b>
<b>Nóvember 2007</b>	<i>Uppgjör. Mat.</i>
	Litið yfir farinn veg þegar 8-10 vikur eru liðnar af skólaárinu. Stigin kynna hvert fyrir öðru markmið hvers stigs og vinnu sína við að ná fram þeim markmiðum. Einn eða tveir kennarafundir nýttir til þessa.  Lögð verður fyrir rafræn spurningakönnun þar sem könnuð verða viðhorf starfsfólks til framvindu þróunarstarfsins, til starfa þróunarráðs og annarra þátta sem lúta að daglegum störfum og stjórnun þróunarverkefna.
<b>Desember 2007</b>	<i>Endurmat. Áfangaskýrslur</i>
	Þróunarráð fundar með ráðgjöfum frá KHÍ farið yfir stöðuna og aðgerðir skipulagðar miðað við framkomnar upplýsingar. Þróunarráð vinnur með sínu fólki að því að ná fram settum markmiðum. Stigin skila stöðuskýrslu til stjórnenda. Meta og endurskoða markmið sín eða halda áfram á sömu braut. Fundur í þróunarráði.
<b>Janúar 2008</b>	<i>Útfærsla</i>
	Þróunarráð vinnur með sínu fólki að því að ná fram settum markmiðum.
<b>Febrúar 2008</b>	<i>Kynning/Útfærsla</i>
	Stigin kynna stöðuna fyrir foreldrum, hver er framvindan á hverju markmiði fyrir sig. Þróunarráð vinnur með sínu fólki að því að ná fram settum markmiðum.

<b>Mars 2008</b>	<i>Uppgjör</i>
	Þróunarráð fundar með ráðgjöfum KHÍ.
<b>Apríl 2008</b>	<i>Mat</i>
	Þróunarráð vinnur með sínu fólki að því að ná fram settum markmiðum. Lögð verður fyrir rafræn spurningakönnun þar sem könnuð verða viðhorf starfsfólks til framvindu þróunarstarfsins, til starfa þróunarráðs og annarra þátta sem lúta að þróunarverkefnum
<b>Júní 2008</b>	<i>Uppgjör</i>
<b>Vinnudagar starfsfólks í júní</b>	Hvert stig metur hvernig til tókst að ná þeim markmiðum sem sett voru og vinnur að markmiðum fyrir næsta vetur. Niðurstöðu mats kennara og starfsfólks á vinnufyrirkomulaginu kynntar. Lokafundur með ráðgjöfum SRR litið yfir farinn veg og einnig fram á við þar sem þróunarráð í samstarfi við SRR skipuleggur starfsdagana og haustið 2008.